



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 5/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjól“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

REGLUR

um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna út eiginfjárgrunn, eiginfjárkröfur, stórar áhættuskuldbindingar og vogunarhlutfall í samræmi við reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Tíðni og form gagnaskila fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal skila gögnum á því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna. Gögnum skal skila með þeirri tíðni sem tilgreind er í reglugerðinni.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, um tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja til eftirlitsstofnana.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79 frá 18. desember 2014, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar kvaðabundnar eignir, einkvæmt gagnapunktalíkan og gagnareglur.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/227 frá 9. janúar 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1278 frá 9. júlí 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar leiðbeiningar, form og skilgreiningar.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/428 frá 23. mars 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er

varðar upplýsingar um vogunarhlutfall.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79, 2015/227, 2015/1278 og 2016/428 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32014R0680> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0079> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0227> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R1278> og

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32016R0428>.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.